



Blaðsíða 4

Í góðu lagi

Blaðsíða 10

**Aðalfundur
Framsýnar**

Blaðsíða 19

Starfsemi PCC



Forsíða

Nýung á Íslandi. Vottunin „í góðu lagi.“ staðfest formlega. Páll Ólafsson og Heiðbjört Þóra Ólafsdóttir frá Garðræktarfélagi Reykhverfinga og Aðalsteinn Árni Baldursson og Linda Urychova trúnaðarmaður starfsmanna voru glöð með vottunina. Sjá frekari umfjöllun í Fréttabréfinu.

ÚTGEFENDUR

Pingjón, félag iðnaðarmanna
Starfsmannafélag Húsavíkur
Framsýn- stéttarfélag

HEIMILISFANG

Garðarsbraut 26 • 640 Húsavík

SÍMI

464 6600

NETFANG

kuti@framsyn.is

HEIMASÍÐA

www.framsyn.is

ÁBYRGÐARMAÐUR

Aðalsteinn Á Baldursson

Yfirlestur og ráðgjöf

Ósk Helgadóttir

Fréttabréfið er skrifað 11. júlí 2025

UPPLAG

1000

PRENTUN

Héraðsprint



STARFSMAÑNAFÉLAG
HÚSAVÍKUR

Félagsmaður Framsýnar lagði VHE í héraðsdómi

Fyrir á þessu ári leitaði félagsmaður Framsýnar sem starfað hefur hjá VHE í Hafnarfirði til félagsins þar sem honum var sagt upp störfum fyrirvaraust og gert að yfirgefa vinnustaðinn án launa á uppsagnarfresti. Taldi starfsmaðurinn brotið á sínum kjarasamningsbundnu réttindum. Framsýn tók við boltanum og mótmælti þessum vinnubrögðum fyrirtækisins harðlega. VHE neitaði að verða við kröfu Framsýnar um að greiða starfsmanninum laun á uppsagnarfrestinum, en Framsýn lagði mikla áherslu á að ljúka málinu með sátt. Í ljósi þess að lítið fór fyrir samningsvilja hjá fyrirtækinu óskaði Framsýn eftir aðkomu lögmanns félagsins að málinu. Því miður skilaði það ekki tilætluðum árangri, það er að ljúka málinu, án þess að fara með það fyrir dómstóla. Lögmaðurinn höfðaði því mál á hendur VHE fyrir Héraðsdómi Reykjaness. Til að gera langa sögu stutta þá vann félagsmaðurinn málið. Fyrirtækinu var gert að greiða honum 1.735.254 krónur í vangreidd laun, 1.200.000 krónur í miskabætur, dráttarvexti og 2.232.000 krónur í málskostnað til Framsýnar. VHE hefði því betur samið strax í stað þess að ráðast í þessa eyðimerkurgöngu með tilheyrandi kostnaði. Rétt er að taka fram að VHE hefur 4 vikur til að ákveða hvort fyrirtækið áfrýi niðurstöðunni til Landsréttar.



Fundað með Icelandair um áætlunarflug

Formaður Framsýnar, Aðalsteinn Árni, fundaði með forsvarsmönnum Icelandair um miðjan júní í höfuðstöðvum flugfélagsins í Hafnarfirði. Hann hafði áður óskað eftir fundinum til að fara yfir möguleikana á því að Icelandair hefji áætlunarflug til Húsavíkur frá Reykjavík. Aðalsteinn Árni gerði grein fyrir málinu og mikilvægi þess að reglulegu áætlunarflugi sé haldið úti milli þessara landshluta. Bogi Nils Bogason, forstjóri flugfélagsins tók áherslum heimamanna vel en vilji er til þess hjá flugfélaginu að skoða málið frekar án skuldbindinga. Framsýn mun fylgja málinu eftir með samtölum við þingmenn, ráðherra og hagsmunaaðila í heimabyggð sem eru fjölmargir s.s. sveitarfélögin, HSN, ferðaþjónustuaðilar og atvinnurekendur í Þingeyjarsýslum. Að mati Framsýnar eru mikil samlegðaráhrif fólgin í því að Icelandair noti sínar minni flugvélar í áætlunarflug til Húsavíkur, Hafnar og Ísafjarðar.





Hamingjuóskir

Framsýn stéttarfélag óskar Garðræktarfélagi Reykhverfinga hf. til hamingju með vottun félagsins sem jafnframt heimilar fyrirtækinu að nota vottunarkerfið „**Í góðu lagi**“ á allar vörur fyrirtækisins.

Um er að ræða nýtt vottunarkerfi sem staðfestir að vinnustaðir fari eftir kjarasamningum og almennum reglum og lögum sem gilda á íslenskum vinnu- markaði. Vottuninni er jafnframt ætlað að stuðla að auknu gagnsæi, bættri vellíðan starfsfólks og sjálfbærari rekstri. Garðræktarfélag Reykhverfinga hf. er fyrst fyrirtækja ásamt tveimur öðrum fyrirtækjum á Íslandi til að hljóta þessa viðurkenningu. Þau eru Friðheimar og Garðyrkjustöðin Ártangi á Suðurlandi.

Framsýn stéttarfélag



Garðræktarfélag Reykhverfinga hf. „Í góðu lagi“

Þann 26. júní sl. undirrituðu Sölufélag garðyrkjumanna, Framsýn stéttarfélag og Báran stéttarfélag samstarfs-samning sín á milli um vottunarkerfið „Í góðu lagi.“ Um er að ræða nýtt vottunarkerfi sem staðfestir að vinnustaðir fari eftir kjarasamningum og almennum reglum vinnu-markaðarins. Aðilar samkomulagsins hafa unnið að því að þróa vottunarkerfi byggt á trausti, gagnsæi og sanngirni. Hugmyndin felst í því að sýna með skýrum hætti að vinnustaðir fari eftir kjarasamningum og þeim leikreglum sem gilda almennt á vinnumarkaði. Framkvæmdin er að vinnustaðir eru heimsóttir og farið yfir þau gögn sem til þarf. Fyrir liggur metnaðarfullur verkferill sem nær til allra þátta er viðkemur framsæknum vinnustöðum. Með þessu verkefni er byggð samvinna milli aðila sem leiðir til heilbrigðari vinnumarkaðar og bættra kjara launafólks. Það er ekki á hverjum degi sem stéttarfélög fá beiðnir frá fyrirtækjum eða samtökum sem vilja þróa verkefni sem þetta í samstarfi við félögin, frumkvæðinu ber að fagna sérstaklega. Stofnuð var sameiginleg nefnd skipuð



Starfsfólk Garðræktarfélagins er ekkert smá ánægt með vottunina. Að sjálfsögðu var smelt í hópmynd þegar Linda trúnaðarmaður, sem er fremst á myndinni til hægri, kom heim með vottunina ásamt forsvarsmönnum fyrirtækisins.



Samstarfsaðilar komnir saman á mynd, það er frá þremur garðræktarstöðvum sem voru vottaðar á Suðurlandi og Norðurlandi ásamt fulltrúum frá Sölufélaga garðyrkjumanna og stéttarfélögum, Bárunni og Framsýn. Mikil gleði er með samstarfssamninginn um vottun fyrirtækja í garðyrkju. Hamingjuóskir til allra sem komið hafa að þessu mikilvæga verkefni.

fulltrúum frá hlutaðeigandi stéttarfélögum og Sölufélaga garðyrkjumanna, sem vann að undirbúningi sérstakrar vottunar. Verkefnið er virkilega spennandi og skemmtilegt og byggir upp jákvæð samskipti og samvinnu. Oft er dregin upp mynd af samskiptum atvinnurekenda og stéttarfélaga eins og barist sé á banaspjótum. Þetta eru sameiginlegir hagsmunir sem leiða til betri útkomu fyrir alla. Í fyrstu verður verkefnið tilrauna- og þróunarverkefni afmarkað við grænmetisframleiðslu en vonir standa til að vottunin „Í góðu lagi“ geti náð útbreiðslu til fleiri greina ef vel tekst til enda um ákveðna fyrirmynd að ræða fyrir íslenskt atvinnulíf. Þrjár garðyrkjustöðvar hafa nú farið formlega í gegnum vottunarferlið, garðyrkjustöðin Ártangi, Friðheimar og Hveravellir og tóku eigendur og forsvarsmenn þeirra á móti sínum vottunarstaðfestingum við sérstaka athöfn sem fram fór í Friðheimum fimmtudaginn 26. júní. Verkefnið hefur fengið góða umfjöllun í fjölmiðlum enda um að ræða áhugavert verkefni sem vonandi á eftir að dreifast yfir á aðrar atvinnugreinar. Á heimasíðu verkefnisins: www.igodulagi.is er hægt að lesa frekar um verkefnið.

Sumarferð í Flateyjardal

Stéttarfélögin í Þingeyjarsýslum hafa mörg undanfarin ár staðið fyrir skemmtiferðum fyrir félagsmenn sína og hafa þær jafnan verið vinsælar og vel sóttar. Vegna fjölda áskorana hefur verið ákveðið að bjóða upp á sumarferð á Flateyjardal í ár, laugardaginn 9. ágúst. Farið verður frá Skrifstofu stéttarfélaganna kl. 09:00. Um er að ræða dagsferð undir leiðsögn Óskar Helgadóttur, sem er svæðinu þar ytra vel kunnug. Ferðin er opin félagsmönnum og gestum þeirra og ætti að vera við flestra hæfi. Þátttökugjaldið er kr. 5.000,-. Uppselt er í ferðina en áhugasömum er velkomnið að hafa samband og skrá sig á biðlista. Einfaldast er að senda póst á netfangið kuti@framsyn.is.

Stéttarfélögin



Bekkjum komið fyrir við sjávarsíðuna

Stjórn Framsýnar hefur samþykkt að festa kaup á nokkrum sætisbekkjum sem komið verður fyrir í sjávarbyggðum á félagssvæðinu, Húsavík, Raufarhöfn og Kópaskeri. Einnig verði skoðað að koma upp bekkjum í Flatey og við Tungulendingu á Tjörnesi, en þaðan var rekin blómleg útgerð og fiskvinnsla á sínum tíma. Bekkirnir eru gefnir í tilefni Kvenréttindadagsins þann 19. júní, af virðingu við konur sem misst hafa ástvini sína í greipar Ægis.

Þegar talað er um að hafið gefi og hafið taki, liggur í þeim orðum sannleikurinn um að þrátt fyrir að hafið færi okkur vissulega gæfu og velferð, þá geti að sama skapi fylgt því miklar fórnir. Þeir sem alist hafa upp við sjávarsíðuna vita að það þarf sterk bein, kjark og þor til að sækja sjóinn þar sem veður geta oft verið válynd. Við þekkjum öll frásagnir af hetjum hafsins sem lent hafa í sjávarháaska og margar bækur hafa verið skrifaðar um æðruleysi sjómanna í glímütökum við óblið náttúruöfl á ögurstundu. Ekki höfðu allir betur í þeim átökum og fylla þeir látnu flokk hinna fjölmörgu íslensku sjómanna sem týnt hafa lífi við krefjandi störf. Minning þeirra verðskuldar virðingu. Það gleymist hins vegar oft að bak við hvern sjómann stendur kona, sem staðið hefur við hlið hans, eiginkona, móðir, dóttir eða systir. Sögur þeirra kvenna sem séð hafa á eftir ástvinum sínum í hafið hafa ekki oft verið skrifaðar, enda reynsluheimur venjulegra kvenna að margra álitu ekki til þess fallinn að vera færður í letur. Þessar „venjulegu konur“ hafa háð lífsbaráttuna á landi, sinnt þeim mikilvægu verkum sem þar hefur þurft að vinna, verið stoð og stytta sjómannsins, fjölskyldunnar og heimilisins. Höfum jafnframt í huga að konur þurftu oft á tíðum að vaka langar og þungbærar nætur með ugg í brjósti, vitandi af eiginmönnum sínum, sonum, feðrum og bræðrum úti á sjó í vonskuveðri. Margar þeirra hafa síðan staðið frammi fyrir því að það sem þær óttuðust mest að gæti gerst, varð einn daginn helkaldur veruleiki þar sem menn skiluðu sér ekki heim af sjónum. Ónefndum hetjum hversdagsins sem fer svo litlum sögum af, hafa ekki verið reistir sérstakir bautasteinar eða minnismerki eins og títt er um íslenska merkismenn. Þær sátu eftir með óvissuna um framtíðina, óttann og einmanaleikann en börðust áfram í gegnum lífsins ólgusjó. Það er okkar að halda minningu þeirra á lofti um ókomna tíð.



Starfshópur forsætisráðherra fundaði með fulltrúum stéttarfélaganna

Starfshópur sem skipaður var af forsætisráðherra vinnur nú að kortlagningu á stöðu atvinnumála í Norðurþingi en tilkynnt hefur verið um tímabundna rekstrarstöðvun kísilvers PCC á Bakka frá miðjum júlí. Málið var rætt á fundi ríkisstjórnarinnar á dögunum. Hópurinn mun einnig vinna tillögur að mögulegum viðbrögðum stjórnvalda til skemmri og lengri tíma. Skýrslu verður skilað um miðjan september. Starfshópurinn mun horfa sérstaklega til vinnu við atvinnustefnu stjórnvalda sem nú er í mótun. Starfshópurinn fór nýverið í vettvangsferð til Húsavíkur þar sem hann fundaði með fulltrúum PCC Bakka, Norðurþings, Samtaka sveitarfélaga og atvinnuþróunar á Norðurlandi eystra, samstarfsverkefnisins Eims, Framsýnar stéttarfélags og Þingiðnar, félags iðnaðarmanna í Þingeyjarsýslum. Formaður hópsins er Helgi Valberg Jensson, fulltrúi forsætisráðuneytis, en auk hans eru í hópnum þau Anna Borgþórsdóttir Olsen, fulltrúi fjármála- og efnahagsráðuneytis, Hólmfríður Sveinsdóttir, fulltrúi innviðaráðuneytis, Jón Skafti Gestsson, fulltrúi umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytis, og Snæfríður Arnardóttir, fulltrúi atvinnuvegaráðuneytis. Að sögn formanns Framsýnar, Aðalsteins Árna, var fundurinn mjög gagnlegur en félagið hefur safnað saman gögnum um mikilvægi fyrirtækisins fyrir samfélagið. Yfir 200 manns koma að daglegum rekstri fyrirtækisins, það eru fastir starfsmenn og síðan eru tugir starfsmanna daglega við störf á vegum undirverktaka sem þjónusta PCC. Fulltrúar Framsýnar og Þingiðnar komu því skýrt á framfæri við starfshópinn að það mætti ekki gerast að verksmiðjunni yrði lokað. Stéttarfélagin sem hafa átt mjög gott samstarf við stjórnendur PCC munu hér eftir sem hingað til berjast fyrir því að verksmiðjan hefji sem fyrst framleiðslu á ný.



Starfshópur forsætisráðherra óskaði eftir fundi með fulltrúum stéttarfélaganna í Þingeyjarsýslum til að ræða atvinnumál og stöðu PCC á Bakka. Á meðfylgjandi mynd má sjá formenn Framsýnar og Þingiðnar með hópnum, þá Jónas og Aðalstein Árna en þeir ásamt Ósk varaformanni Framsýnar tóku þátt í fundinum með starfshópnum.

Fyrirlestur fyrir Rótarskot

Félagar í Rótarskoti í Norðaustri óskuðu nýlega eftir kynningu á starfsemi Framsýnar. Góður hópur félagsmanna kom í kjölfarið í heimsókn í þeim tilgangi að fræðast um starfsemina. Rótarskot var formlega stofnað 6. nóvember 2023 en klúbburinn er fyrsti Satellite klúbbur landsins og er stofnaður með fulltingi Rótaryklúbbs Húsavíkur. Stofnfélagar voru 11, 6 karlar og 5 konur. Klúbburinn fundar tvisvar í mánuði, fyrsta og þriðja miðvikudag hvers mánaðar. Fyrsta miðvikudag mánaðarins hittast félagar víðsvegar um svæðið þar sem þeir fá kynningu í fjölbreyttum heimsóknum til fyrirtækja, félagasamtaka eða einkaaðila sem vinna áhugavert starf. Í vikunni var komið að því að heimsækja Framsýn og forvitnast um starfsemi félagsins sem gegnir mikilvægu hlutverki í samfélaginu. Um er að ræða mjög áhugavert starf hjá Rótarskoti og þess má geta að Soffía Gísladóttir, sem er félagi í Rótarskoti, er fyrsta íslenska konan til þess að taka sæti í stjórn Rotary International en hún mun taka sæti árin 2026-2028. Hún situr í stjórninni fyrir svæði 17 og 18; Norðurlöndin, Grænland, Færeyjar, Álandseyjar, Eystrasaltsríkin, Pólland og Rússland. Eins og kunnugt er situr Soffía auk þess í sveitarstjórn Norðurbings en hún er búsett í Kelduhverfi. Það var virkilega ánægjulegt að fá félagsmenn Rótarskots í heimsókn og sköpuðust áhugaverðar og góðar umræður um starfsemi Framsýnar. Takk fyrir komuna ágætu félagar í Rótarskoti.



Breytingar á útleigu íbúða

-Ekki hægt að fara inn í íbúðir á sunnudögum-

Gerð hefur verið breyting á útleigu orlofsíbúða á vegum stéttarfélaganna í Reykjavík, Kópavogi og Akureyri. Ekki verður hægt að fara lengur inn í íbúðirnar á sunnudögum. Eftir sem áður verður hægt að hefja leigu frá mánudegi til föstudags og um helgar.

Viðræður í gangi við Náttúruverndarstofnun

Starfsgreinasamband Íslands á nú í viðræðum við Náttúruverndarstofnun um stofnanasamning fyrir landverði sem eru í stéttarfélögum innan sambandsins, þar á meðal Framsýnar. Náttúruverndarstofnun tók nýlega við verkefnum sem snúa að náttúruvernd, lífríkis- og veiðistjórnun hjá Umhverfisstofnun og starfsemi Vatnajökulspjóðgarðs. Stofnunin fer með stjórnsýslu, eftirlit og önnur verkefni á sviði náttúruverndar og sjálfbærrar þróunar og á sviði friðlýstra svæða, vernd villtra fugla og spendýra og veiðistjórnunar. Þá sinnir stofnunin samhæfingu í skipulagi svæðisbundinnar stjórnunar og verndar og eftirliti á ofangreindum sviðum. Starfsgreinasambandið var fyrir með stofnanasamning við Vatnajökulspjóðgarð og Umhverfisstofnun sem eftir sameiningu nefnist Náttúruverndarstofnun. Því þarf að semja við nýja stofnun. Formaður Framsýnar er í samninganefnd Starfsgreinasambandsins sem fer fyrir samningnum fh. aðildarfélaga sambandsins sem hafa landverði innan sinna raða. Viðræður hafa gengið heldur rólega. Þegar þetta er skrifað liggur ekki fyrir hvenær skrifað verður undir nýjan stofnanasamning. Afar mikilvægt er að gengið verði frá nýjum samningi sem fyrst, annað er ekki boðlegt.



Líf við höfnina

Í sumar er von á nokkrum skemmtiferðaskipum til Raufarhafnar sem er ánægjulegt enda mikilvægt að efla ferðapjónustuna á svæðinu sem hefur upp á svo margt að bjóða, ekki síst fallegt bæjarstæði, náttúruperlur og sjálft Heimskautsgerðið. Gunnar Páll Baldursson lánaði okkur þessa mynd sem tekin var nýlega.



Vel heppnað stefnumót

Framsýn stéttarfélag stóð fyrir sumarkaffi laugardaginn fyrir Sjómannadaginn í Félagsheimilinu Hnitbjörgum á Raufarhöfn. Um er að ræða árlegan viðburð á vegum félagsins sem er afar vinsæll meðal heimamanna. Gestum stendur til boða að eiga samtál við forsvarsmenn Framsýnar auk þess sem þeim er boðið upp á veglegar veitingar sem kvenfélagið á staðnum hefur séð um af miklum myndarskap. Mjög góð mæting var á stefnumótið og fylltist félagsheimilið um tíma. Framsýn þakkar fyrir sig, glæsileg samkoma. Við leyfum nokkrum myndum að fljóta með fréttinni.



Stofnanasamningur endurskoðaður

Stjórnendur Framsýnar og Framhaldsskólans á Húsavík hafa undanfarið átt í viðræðum um nýjan stofnanasamning fyrir starfsmenn skólans sem starfa eftir kjarasamningi félagsins. Viðræðurnar hafa gengið mjög vel og klárðuðst þær á dögunum með undirskrift aðila. Breytingarnar koma til með að veita stjórnendum skólans aukið svigrúm til að launasetja starfsmenn í launatöflu m.v. hæfni, ábyrgð, reynslu og menntun sem gagnast í starfi. Formaður Framsýnar, Aðalsteinn Árni, þakkaði Valgerði Gunnarsdóttur skólameistara fyrir ánægjulegt samstarf í gegnum tíðina, sem hefur verið farsælt í alla staði, en hún lætur af störfum í sumar sem skólameistari FSH. Í hennar tíð hefur skólinn tekið verulegum breytingum, búið er að taka skólahúsnæðið allt í gegn og er hann orðinn mjög aðlaðandi fyrir nemendur og kennara. Full ástæða er til að hvetja ungt fólk sem útskrifast úr Borgarhólsskóla að hefja nám við skólann. Frábær skóli sem vonandi á eftir að vaxa frekar á komandi árum. Höfum í huga að það skiptir okkur verulega miklu máli að hafa aðgengi að framhaldsskóla í heimabyggð. Það sama á við um Framhaldsskólann á Laugum.



Ungur nemur, gamall temur

Nemendur úr Vinnuskólanum á Húsavík komu í heimsókn á Skrifstofu stéttarfélaganna í sumarbyrjun. Tilgangurinn var að fá kynningu á starfsemi félagsins og fræðast um vinnumarkaðinn nú þegar þau eru að stiga sín fyrstu skref út í atvinnulífið. Aðalsteinn J. Halldórsson tók vel á móti gestunum og fór yfir viðfangsefni dagsins með þeim. Virkilega ánægjuleg heimsókn.



Blómleg starfsemi

Forsvarsmenn Framsýnar hafa undanfarið verið tíðir gestir hjá Garðræktarfélagi Reykhverfinga en þar starfa um 20 starfsmenn. Ástæðan er einföld, Framsýn hefur unnið að því að votta starfsemi fyrirtækisins sem lauk með viðburði í Friðheimum í lok júní þar sem vottunin var staðfest formlega og sagt er frá undir annarri frétt í Fréttabréfinu. Fundað hefur verið með yfirmönnum jafnt sem almennum starfsmönnum. Þá hefur verið gengið frá kjöri á trúnaðarmönnum starfsmanna auk þess sem gengið hefur verið frá samstarfssamningi um vottunina „Í góðu lagi.“



Linda trúnaðarmaður og Martin öryggistrúnaðarmaður fara hér yfir málin með Aðalsteini J. starfsmanni stéttarfélaganna eftir fund með starfsmönnum og stjórnendum Garðræktarfélagins.

Hvenær var Framsýn stofnað?

Fulltrúar frá Framsýn gerðu sér ferð í Reykjahlíðarskóla í byrjun apríl til að fræða við unga nemendur um starfsemi stéttarféлага, helstu reglur á vinnumarkaði og atvinnulífið í Þingeyjarsýslum. Virkilega áhugasaverður og skemmtilegur hópur nemenda. Eftir líflegan fyrirlestur var opnað fyrir fyrirspurnir. Ekki stóð á spurningum enda nemendur mjög áhugasamir um efnið sem var til kynningar í skólanum. Einn nemandi spurði m.a. um sögu Framsýnar, hvenær félagið hefði verið stofnað. Ekki stóð á svari, Verkamannafélag Húsavíkur var stofnað 14. apríl 1911 sem ber í dag nafnið Framsýn stéttarfélag. Félagið er því 114 ára gamalt.



Skólameistarar litu við

Klemen Sæmundsson skólameistari og Ásdís V. Pálsdóttir aðstoðarskólameistari Fisktækniskóla Íslands litu við hjá formanni Framsýnar á dögnum en þau eru á fundi skólameistara sem haldinn er á Húsavík. Góðar umræður urðu um uppbyggingu á námi í sjávarútvegi en skólinn er með höfuðstöðvar í Sandgerði, áður Grindavík. Skólinn býður upp á fjölbreytt nám í sjávarútvegi á framhaldsskólastigi. Námið er hagnýtt tveggja ára gunnnám sem byggt er upp sem önnur hver önn í skóla og hin á vinnustað. Í starfsnámi er leitast við að bjóða nemendum upp á val um vinnustað /vetfang með hliðsjón af áhugasviði hvers og eins t.d sjómennsku, fiskvinnslu eða fiskeldi. Einnig er boðið upp á styttra nám og námskeið er tengist sjávarútvegi. Til fróðleiks má geta þess að Ásdís og Aðalsteinn Árni stunduðu saman nám í gæðastjórnun hér á árum áður þegar þau störfuðu bæði hjá fyrirtækjum í fiskvinnslu, Fiskiðjusamlagi Húsavíkur og Síldarvinnslunni á Neskaupstað. Sjávarútvegsráðuneytið stóð að náminu með erlendu ráðgjafafyrirtæki og fór kennslan fram í lotum auk þess sem það var að hluta verklegt.



Nýtt þrifagjald í íbúðum félagsins

Þann 1. júní tók gildi nýtt þrifagjald í íbúðum stéttarfélaganna í Kópavogi, Akureyri og Húsavík. Almennt gjald verður kr. 15.000,- enda séu þrífir pöntuð með fyrirvara. Rétt er að taka fram að ekki er í boði að kaupa þrif á tímabilinu 1. júní til 31. ágúst ár hvert. Leigjendur sem ekki kaupa þrif en ganga illa um og þrifa ekki eftir sig verður hins vegar gert að greiða kr. 25.000,- fyrir þrífir enda hafi þau ekki verið pöntuð fyrirfram.



Vinnustaðaheimsóknir

Starfsmenn stéttarfélaganna fara reglulega í vinnustaðaheimsóknir til að hitta félagsmenn og stjórnendur fyrir-tækja. Almennt eru þetta mjög vinsamlegar heimsóknir enda flestir atvinnurekendur á félagssvæðinu með sín mál í góðu lagi. Í byrjun júlí var komið við á Hótel Goðafoss þar sem sest var niður með starfsmönnum og farið yfir málin. Eins og meðfylgjandi mynd ber með sér voru starfsmenn ánægðir með heimsóknina sem í leiðinni fengu smá fræðslu um kjarasamning starfsmanna í ferðaþjónustu.



Kalla eftir svörum frá Samherja

Framsýn hefur kallað eftir upplýsingum frá Samherja um áform fyrirtækisins varðandi frekari rekstur fiskpurrkunar að Laugum í Reykjadal, um er að ræða fjölmennan vinnustað. Vitað er að sveitarstjórn Þingeyjarsveitar fylgist jafnframt grannt með þróun mála enda miklir hagsmunir í húfi fyrir sveitarfélagið. Eðlilega hafa starfsmenn fyrirtækisins áhyggjur af stöðunni enda störf þeirra undir. Fyrir liggur að auknar kröfur hafa verið gerðar til mengunarvara og vöktunar en vinnslan er á viðkvæmu svæði. Ljóst er að ráðast þarf í kostnaðarsamar aðgerðir til að bæta úr hvað mengunarvarnir varðar. Framsýn treystir því að Samherji leiti allra leiða til að tryggja reksturinn til framtíðar. Framsýn mun fylgja málinu eftir en starfsemi fyrirtækisins liggur niðri um þessar mundir vegna sumarleyfa starfsmanna.



Kvennaráðstefna

Kvennaráðstefna ASÍ var haldin í Reykjanesbæ í lok maí á kvennaárinu 2025. Þar voru samankomnar um 65 konur víðsvegar af landinu til að ræða málin og kjarna meginviðfangsefni kvenna í verkalyðshreyfingunni undir yfirskriftinni: Kvenfrelsi og stéttabaráttan á Kvennaári. Á ráðstefnunni var kvennasamstöðunni fagnað og árettað mikilvægi þess að efla hana og rækta. Á ráðstefnunni var rætt um Kvennaárið, stöðu kvenna í samfélaginu og innan hreyfingar og var unnið í þremur málstofum. Málstofurnar fjölluðu um:

- Samþætting fjölskyldu- og atvinnulífs
- Launamun kynjanna
- Mismunun og ójöfnuð.

Mikil stemning skapaðist og samhugur kvenna á milli þvert á félög og atvinnugreinar. Konur í Verkalyðs- og sjómannafélagi Keflavíkur og nágrennis voru höfðingjar heim að sækja og mættu ráðstefnugestum af mikilli gestrisni. Ósk Helgadóttir varaformaður Framsýnar og Agnieszka Szczodrowska starfsmaður stéttarfélaganna voru með erindi á ráðstefnunni auk þess að vera fulltrúar Framsýnar. Að þeirra sögn fór ráðstefnan mjög vel fram.






Veljum íslenskt

Framsýn skorar á landsmenn að velja vottaðar íslenskar vörur beint frá Grænmetisframleiðendum. Merkið „Í góðu lagi“ tryggir gæðin.

Framsýn stéttarfélag

Aðalfundur Framsýnar 2025

Í fréttum er þetta helst...

Aðalfundur Framsýnar var haldinn miðvikudaginn 23. apríl. Fundurinn var líflegur og skemmtilegur að vanda. Að venju komu fram margar áhugaverðar upplýsingar á fundinum auk þess sem fundarmenn voru duglegir að taka til máls um málefni félagsins. Góð mæting var á fundinn.

Alls greiddu 3.043 félagsmenn til Framsýnar stéttarfélags á árinu 2024 sem er svipaður fjöldi milli ára. Af þeim sem greiddu félagsgjald til Framsýnar á síðasta ári voru 1.887 karlar og 1.156 konur, sem skiptist þannig að konur eru 38% og karlar 62% félagsmanna. Á undanförunum árum hefur karlmönnum heldur fjölgað umfram konur í félaginu. Vissulega hefur það áhrif að starfsmenn PCC á Bakka eru í miklum meirihluta karlmenn, en verksmiðjan hóf starfsemi 2018. Um síðustu áramót voru gjaldfrjálsir félagsmenn samtals 304, það eru aldraðir og öryrkjar sem ekki eru á vinnumarkaði. Á hverjum tíma falla um 10% félagsmanna undir þessa skilgreiningu. Fjölmennustu hóparnir innan Framsýnar starfa við matvælaframleiðslu, ferðapjónustu, almenn verslunarstörf, iðnað og hjá ríki og sveitarfélögum. Félagsmenn Framsýnar stéttarfélags voru samtals 3.347 þann 31. desember 2024, það er greiðandi og gjaldfrjálsir félagsmenn. Mikið er lagt í skýrslu stjórnar. Hægt er að fræðast frekar um starfsemina og helstu málefni aðalfundarins inn á heimasíðu stéttarfélaganna. Hér verða þó tiltekin nokkur atriði sem fram komu á fundinum:

Ályktað um flugvöll

Á aðalfundinum lagði Kristján M. Önundarson fram drög að ályktun um hugmyndir sem uppi eru um byggingu á nýjum flugvelli í Hvassahrauni. Talaði hann gegn framkvæmdinni enda um óhóflegan peningaaustur á opinberu fé að ræða að hans mati. Eftir góðar umræður var ályktunin samþykkt samhljóða. Hægt er að lesa hana inn á heimasíðu stéttarfélaganna.



Klappað fyrir starfinu

Aðalfundur Framsýnar fór vel fram enda reksturinn og starfsemin í mjög góðu lagi. Fundarmenn sáu ástæðu til að standa upp og klappa fyrir formanni fyrir vel unnin störf í þágu félagsins. Formaður þakkaði fyrir sig og sagði miklu skipta að hafa gott fólk í forystusveit Framsýnar sem og á Skrifstofu stéttarfélaganna. Það væri vænlegasta leiðin til árangurs.



Framsýn með bestu námsstyrkina

Framsýn er mjög umhugað um starfsmenntun félagsmanna. Á árinu 2024 fengu 395 félagsmenn greiddar kr. 28.895.120,- í einstaklingsstyrki frá fræðslusjóðum í endurgreiðslur vegna náms eða námskeiða. Sambærileg tala fyrir árið 2023 var kr. 24.194.125,-.

Námsstyrkir árið 2024 skiptast þannig milli fræðslusjóða sem Framsýn á aðild að:

Alls fengu 223 félagsmenn styrki frá Landsmennt kr. 17.307.932,-

Alls fengu 14 félagsmenn styrki frá Sjómennt kr. 1.003.134,-

Alls fengu 70 félagsmenn styrki frá Sveitamennt kr. 4.429.794,-

Alls fengu 33 félagsmenn styrki frá Ríkismennt kr. 2.607.687,-

Alls fengu 48 félagsmenn styrki frá SVS-Fræðslusjóður kr. 2.859.640,-

Alls fengu 7 félagsmenn styrki frá Fræðslusjóði Framsýnar kr. 686.933,-



Samtals fengu félagsmenn því greiddar kr. 28.895.120,- í námsstyrki á árinu 2024.

Fræðslusjóðirnir eru fjármagnaðir með framlögum frá fyrirtækjum, sveitarfélögum og ríkisstofnunum sbr. ákvæði þar um í kjarasamningum. Það á þó ekki við um Fræðslusjóð Framsýnar sem hefur ekki fastan tekjustofn. Hafi félagsmenn klárað sín réttindi í kjarasamningsbundnum fræðslusjóðum eiga þeir rétt á auka fræðslustyrkum hjá Framsýn, allt að kr. 130.000,- á ári. Þannig gerir Framsýn betur við sína félagsmenn sé tekið mið af sambærilegum stéttarfélögum innan SGS.



Gríðarleg hækkun á styrkjum úr sjúkrasjóði

Á árinu 2024 voru 1.563 styrkir greiddir úr sjúkrasjóði Framsýnar til félagsmanna en voru 1.389 árið 2023. Samtals námu greiðslur vegna sjúkradagpeninga, annarra bóta og styrkja kr. 133.651.922,-. Sama upphæð fyrir árið á undan var kr. 96.443.425,-. Samkvæmt þessari niðurstöðu er gríðarleg hækkun á styrkjum úr sjóðnum milli ára eða um 39%. Vissulega er þetta mikið áhyggjuefni þar sem sjúkradagpeningar eru um 92 milljónum af heildar greiðslum úr sjúkrasjóðnum. Sjúkradagpeningar eru greiddir til félagsmanna í veikindum, það er eftir að þeir hafa lokið sínum veikindarétti hjá viðkomandi fyrirtæki.



Aðhald í rekstri skilar sér til félagsmanna

Fjárhagsleg afkoma Framsýnar var góð á árinu 2024. Rekstrarafgangur var af öllum sjóðum félagsins fyrir utan fræðslusjóð félagsins. Þess ber að geta að Fræðslusjóður Framsýnar hefur ekki fastar tekjur, aðrar en fjármagnstekjur, en veitir félagsmönnum viðbótarstyrki til starfsmenntunar þegar rétti þeirra er lokið úr kjarasamningsbundnum fræðslusjóðum s.s. Landsmennt, Ríkismennt, Sveitamennt, Sjömennt og Fræðslusjóði verslunarmanna. Virkilega góð ábót fyrir félagsmenn.

Rekstrartekjur félagsins námu kr. 420,6 milljónum sem er hækkun um 0,8% milli ára. Félagsgjöld og iðgjöld námu kr. 369,2 milljónum 2024 á móti kr. 359,8 milljónum á árinu 2023 sem er hækkun upp á um 2,6%.

Rekstrargjöld hækka um 19,93% á milli ára en þau námu kr. 323,1 milljón 2024 samanborið við 269,4 milljónir árið á undan. Þar vegur þyngst hækkun á bótum og styrkjum úr sjúkrasjóði. Bætur og styrkir úr sjúkrasjóði er stærsti einstaki útgjaldaliður Framsýnar. Í árslok 2024 var tekjuafgangur félagsins kr. 232,9 milljónir en var kr. 292,3 milljónir árið 2023.

PCC mikilvægasta fyrirtækið

Á aðalfundi Framsýnar var gerð grein fyrir greiðslum fyrirtækja, sveitarfélaga og stofnana til félagsins. Um er að ræða félagsgjöld starfsmanna og lögbundin iðgjöld atvinnurekenda í sjóði Framsýnar og í starfsmenntasjóði atvinnulífsins. Sveitarfélagið Norðurþing greiddi mest allra í iðgjöld til Framsýnar árið 2024, líkt og árið áður. Rétt á eftir kemur PCC á Bakka sem greiddi mest til Framsýnar sé tekið mið af fyrirtækjum á félagssvæðinu.

Stærstu greiðendur iðgjalda til Framsýnar 2024 eftir röð:

Sveitarfélagið Norðurþing
PCC BakkiSilicon hf.
Þingeyjarsveit
GPG. Seafood ehf.
Ríkissjóður Íslands
Íslandshotel hf.
Kjarnafæði-Norðlenska hf.
Húsheild ehf.
Jarðboranir hf.
Samherji fiskeldi ehf.
Kaldvík hf.



Baráttan heldur áfram í átt til jafnréttis...

Á aðalfundi Framsýnar urðu umræður um stöðu kvenna og þau tímamót að um þessar mundir eru liðin 50 ár frá því að konur lögðu niður störf og stöðvuðu þannig samfélagið. Ósk Helgadóttir fór almennum orðum um stöðuna og sagði frá viðburðum sem samtök verkafólks hafa staðið fyrir undanfarna mánuði. Hún nefndi sem dæmi kvenna-ráðstefnu sem haldin var á Akureyri í nóvember á síðasta ári auk þess sem stéttarfélagin í Þingeyjarsýslum, ASÍ og Norðurþing stóðu að málþingi „Konur í nýju landi“ á Húsvík 8. mars sl. Sunna Torfadóttir formaður Framsýnar-ung

kvaddi sér hljóðs og flutti ávarp þar sem hún lagði áherslu á hugafarsbreytingu og fullkomið jafnrétti kynjanna. Ávarpið má lesa hér að neðan:



Ágætu félagar!

Um þessar mundir eru liðin 50 ár frá því að konur hér á landi lögðu niður launuð sem ólaunuð störf sín og stöðvuðu þannig samfélagið. Þrátt fyrir þrotlausa baráttu í hálfa öld búa konur enn við misrétti og ofbeldi. Metþátttaka í Kvennaveikfallinu 24. október 2023, á samkomum víða um land og á stærsta útifundi Íslandssögunnar í Reykjavík, sýndi svo ekki verður um villst að við erum tilbúin til að taka við keflinu frá baráttukonunum sem á undan okkur komu. Talið er að yfir 100.000 konur og kvár hafi lagt niður störf á Íslandi til þess að krefjast breytinga. Hér norðan heiða komu um 300 konur saman á Húsavík í húsnæði stéttarfélaganna og þá söfnuðust konur á Raufarhöfn saman til að sína samstöðu kvenna í verki. Glæsilegir viðburðir þar sem baráttuandinn sveif yfir vötnum. Vald-efling, baráttugleði, og skýrt ákall um breytingar ein-kenndu þessa gríðarlegu samstöðu rétt eins og árið 1975. Samfélag sem rís svo sterkt upp gegn ójafnrétti hefur alla burði til að verða raunveruleg jafnréttisparadís. Baráttan heldur áfram í átt til jafnréttis þar sem við erum því miður ekki enn komin á endastöð. Ákveðnir hópar eru verst settir, konur af erlendum uppruna, hinsegin konur, konur með fötlun, láglaunakonur og heimilislausar konur. Kynjamisrétti gengur á heilsu og velferð kvenna, en konum hefur fjölgað meðal örorkulífeyrisþega. Þá er ólíðandi með öllu að atvinnutekjur kvenna séu enn um 21% lægri en karla, það er á árinu 2025. Helsta ástæða launamunar kynjanna er kynjaskiptur vinnumarkaður og vanmat á hefðbundnum kvennastörfum. Vinnudagar kvenna af erlendum uppruna eru lengri og óreglulegri en almennt meðal kvenna á Íslandi og laun þeirra lægri. Konur sem starfa við ræstingar, ferðaþjónustu og umönnun barna fá lægstu launin í íslenskum vinnumarkaði. Fjárhagslegt sjálfstæði er forsenda þess að tryggja öryggi og frelsi kvenna og kvára. Stjórnvöld þurfa að standa með konum og kvárum og fara í aðgerðir þegar í stað.

Markmiðið verði að:

- Leiðrétta kerfisbundið vanmat á kvennastörfum
- Tryggja að hægt sé að bera saman jafnverðmæt störf þvert á vinnustaði
- Klára vinnu við heildstætt virðismatskerfi og endur skoða starfsmat sveitarfélaga.

- Tryggja sambærilegt kerfi fyrir viðbótarlaun.
- Koma á samningaleið sem auðveldar einstaklingum að reisa jafnlaunakröfur.
- Setja reglur um launagagnsæi byggða á fyrirmynd ESB, en taka sérstakt tillit til íslenska vinnumarkaðarins, og tryggja virkt eftirlit.

Til að fylgja eftir Kvennaveikfallinu hafa fjölmörg samtök femínista, kvenna, launafólks, fatlaðs fólks og hinsegin fólks tekið höndum saman um að leggja fram kröfur um jafnrétti í verki. Við konur gefum stjórnvöldum frest til 24. október 2025 til að breyta lögum og grípa til aðgerða til að tryggja fullt og endanlegt jafnrétti kynjanna. Biðin er á enda! Nú tökum við höndum saman enn á ný og fylkjumst bak við kröfurnar. Við vitum sem er að sameiginlegur kraftur okkar er óstöðvandi. Sagan sýnir okkur það. Við getum, þorum og viljum! Takk fyrir.



STH semur við FSH

Í síðustu viku var gengið frá nýjum stofnanasamningi við Framhaldsskólann á Húsavík, það er fyrir félagsmenn Starfsmannafélags Húsavíkur sem starfa við skólann. Samningurinn er aðgengilegur á heimasíðu stéttarfélaganna.



Hvalaskoðunarbæklingurinn kominn út



Aukinn orlofsréttur

Rétt er að minna á breytingar sem urðu á orlofsgreiðslum samkvæmt ákvæðum kjarasamninga þann 1. maí 2024 og 1. maí 2025 sjá nánar í grein 6.1. í ferðapjónustusamningnum og í grein 4.1 í almenna kjarasamningnum milli SA og SGS. Kjarasamningarnir eru aðgengilegir inn á heimasíðu stéttarfélaganna, framsyn.is

- Lágmarksorlof eru áfram 24 virkir dagar. Orlofslaun skulu vera 10,17% af öllu kaupi, hvort sem er fyrir dagvinnu eða yfirvinnu.
- Þessi breyting gildir frá 1. maí 2024: Starfsmaður sem náð hefur 22 ára aldri og starfað hefur í 6 mánuði í sama fyrirtæki skal eiga rétt á orlofi í 25 daga og orlofslaunum sem nema 10,64%. (Orlof sem kemur til töku á orlofsárinu sem hefst 1. maí 2025).
- Þessi breyting gildir frá 1. maí 2024: Starfsmaður sem unnið hefur í 5 ár í sama fyrirtæki á rétt á orlofi í 26 virka daga og orlofslaunum sem nema 11,11%. (Orlof sem kemur til töku á orlofsárinu sem hefst 1. maí 2025).
- Þessi breyting gildir frá 1. maí 2025: Starfsmaður sem unnið hefur í 5 ár í sama fyrirtæki á rétt á orlofi í 28 virka daga og orlofslaunum sem nema 12,07%. (Orlof sem kemur til töku á orlofsárinu sem hefst 1. maí 2026).
- Með sama hætti öðlast starfsfólk sem unnið hefur 10 ár hjá sama fyrirtæki 30 daga orlofsrétt og 13,04% orlofslaun. Orlofsréttur reiknast frá upphafi næsta orlofsárs eftir að ofangreindum starfstíma er náð.

Starfsmaður sem hefur fengið aukinn orlofsrétt vegna starfa í sama fyrirtæki öðlast hann að nýju eftir þrjú ár hjá nýjum atvinnurekanda, enda hafi rétturinn verið staðreyndur.



Formaður Framsýnar fundaði með Landvörðum í Vatnajökulsþjóðgarði fyrir helgina. Fundurinn fór fram í Gljúfrastofu í Ásbyrgi. Vel á þriðja tug starfsmanna starfa við landvörslu og tilfallandi störf í Þjóðgarðinum. Fundurinn var ánægjulegur í alla staði.

Trúnaðarmenn ánægðir

Stéttarfélagin stóðu fyrir trúnaðarmannanámskeiði á Húsavík í lok mars. Námskeiðið var vel sótt en það stóð yfir í tvo daga. Afar mikilvægt er að hafa öfluga trúnaðarmenn starfandi á sem flestum vinnustöðum. Liður í því er að bjóða þeim upp á kjarasamningsbundinn námskeið á hverju ári. Á meðfylgjandi mynd eru hressir trúnaðarmenn í lok námskeiðsins.



Er trúnaðarmaður á þínum vinnustað?

Á vinnustöðum þar sem starfa fleiri en 5 starfsmenn eiga að vera starfandi trúnaðarmenn. Hér má sjá tvo hressa trúnaðarmenn, þá Sigfús H. Jónsson sem er trúnaðarmaður starfsmanna hjá Fiskeldi Austfjarða hf. sem er með starfsemi í Kelduhverfi/Öxarfirði og Einar Víði Einarsson sem er trúnaðarmaður starfsmanna hjá Norðurþingi. Auk þess eru þeir hestamenn góðir sem og drengir góðir.



Leiðtogar framtíðarinnar

Ungliðarnir Ingimar Knútsson og Arnór Elí Víðisson, sem báðir eru virkir í starfi Framsýnar, sátu nýlega námskeið sem ætlað er ungum og upprennandi leiðtogum. Námskeiðið var á vegum Alpýðusambands Íslands í leiðtoga-hæfni innan verkalyðshreyfingarinnar og nefndist „Ungir Leiðtogar.“ Námskeiðinu var ætlað að undirbúa unga þátt-takendur í verkalyðshreyfingunni fyrir störf og leiðtoga-mennsku innan hreyfingarinnar.

Námskeiðið var byggt upp sem þrjár lotur, staðlota í höfuð-stöðvum ASÍ í Reykjavík þar sem farið var yfir starf verk-lyðshreyfingarinnar og hvað það þýðir að vera leiðtogi á þessum vettvangi.

Lota númer tvö fór fram í gegnum teams í formi fjarfunda þar sem haldið var áfram að fjalla um verkalyðshreyfinguna og undirbúningur fyrir loklotuna í Belgíu.

Í Belgíuferðinni var farið í heimsóknir til ETUC, ITUC og EFTA þar sem ungu leiðtogarnir fengu kynningu á helstu áherslumálum verkalyðshreyfingarinnar bæði á evrópskum og alþjóðlegum grundvelli.

Að sögn Arnórs og Ingimars var námskeiðið í heildina mjög fræðandi og skemmtilegt. Með þeim á námskeiðinu voru ungir leiðtogar frá öðrum aðildarfélögum Alpýðu-sambandsins eða í heildina 13 þátttakendur. Framsýn þakkar þeim félögum fyrir að hafa tekið þátt í námskeiðinu fh. félagsins enda markmiðið að fá ungt fólk til starfa í nefndum, ráðum og stjórnnum á vegum Framsýnar.



Ingimar Knútsson er virkur í starfi Framsýnar auk þess að vera trúnaðarmaður starfsmanna hjá PCC á Bakka. Hann og Arnór Elí Víðisson sem jafnframt er virkur í starfi Framsýnar og trúnaðarmaður starfsmanna í Pálsgarði á Húsavík tóku þátt í námskeiðinu sem ASÍ stóð að og nefnist „Ungir leiðtogar.“

Vilja sjá frekari uppbyggingu á vegum Bjargs

Framsýn stéttarfélag hefur skrifað Bjargi íbúðafélagi og sveitarfélögunum Norðurþingi og Þingeyjarsveit bréf þar sem óskað er eftir frekara samstarfi hvað varðar uppbyggingu á öruggu íbúðarhúsnæði í langtímaleigu fyrir félagsmenn stéttarfélaganna í þessum tveimur sveitarfélögum. Eins og kunnugt er, voru nýlega teknar í notkun sex raðhúsaíbúðir á Húsavík en yfir 40 einstaklingar/fjölskyldur sóttu um íbúðirnar sem voru samstarfsverkefni Bjargs og Norðurþings. Samkvæmt fyrirbyggjandi upplýsingum er greinilega mikil vöntun á íbúðum sem þessum. Svo það sé rífað upp, þá er Bjarg íbúðafélag húsnæðis-sjálfséignarstofnun stofnuð af ASÍ og BSRB. Félagið er rekið án hagnaðarmarkmiða og er ætlað að tryggja tekju-lágum fjölskyldum á vinnumarkaði aðgengi að öruggu íbúðarhúsnæði í langtímaleigu. Um er að ræða svokölluð leiguheimili að norrænni fyrirmynd, „Almene boliger“. Leiðarljós félagsins er að veita leigutökum öruggt húsnæði til langs tíma.

Talsmenn Framsýnar hafa þegar átt samtöl við forsvars-menn Norðurþings og Þingeyjarsveitar vegna málsins. Þar er mikil vilji til þess að fá Bjarg að frekari uppbyggingu á svæðinu. Hvað það varðar vinnur Framsýn að því að halda fundi á næstu vikum með aðilum málsins til að kanna áhuga þeirra á frekara samstarfi.



Ragnheiður Jóna Ingimarsdóttir sveitarstjóri Þingeyjarsveitar og Aðalsteinn Árni formaður Framsýnar hafa þegar átt óformlegt samtal um hugsanlega uppbyggingu Bjargs í Þingeyjarsveit. Vilji Framsýnar er að Bjarg komi að því að byggja íbúðarhúsnæði án hagnaðarmarkmiða í sveitarfélaginu.



Mikil ánægja er með íbúðirnar sem byggðar voru á Húsavík á vegum Bjargs og Norðurþings.

Landsliðið

Það var landslið starfsmanna Fosshótel Húsavíkur sem þjónustaði gesti á fjölmönnum hátíðarhöldum stéttarfélaganna 1. maí sem fram fóru á hótelinu. Allt var til mikillar fyrirmyndar og rúmlega það. Þrátt fyrir að það væri brjálað á gera náðist að taka eina mynd af hópnum milli þess sem þau hlupu með kaffi og tertur fram til gestanna sem kunnu vel að meta veitingarnar og þjónustuna. Takk fyrir okkur.



Mývatnssveitin er æði

Það vita flestir að Mývatnssveitin er æði ekki síst fyrir sína dásamlegu fegurð, jarðböðin og góða veitingastaði. Þá eru hótél og gististaðir nánast á hverju strái sem njóta mikilla vinsælda. Meðfylgjandi mynd er tekin á veitingastaðnum Fish & Chips í Mývatnssveit á dögnum en þar var löng bið eftir þessum þekkta skyndibita sem er þekktur um heim allan. Það er fiskur með frönskum.



Setið á ársfundi Lsj. Stapa

Fjölmarginir félagsmenn stéttarfélaganna taka þátt í öflugu starfi þeirra. Félögin þurfa oft að senda fulltrúa á fundi, þing og ráðstefnur. Hér má sjá vaska sveit frá Framsýn og Þingið á ársfundi Lsj. Stapa sem fram fór á Egilsstöðum í maí.



Málgagnið sem vitnað er í!

Fréttabréfið liggur frammi í matvörubúðum í Mývatnssveit, Reykjadal, Húsavík, Kópaskeri, Raufarhöfn og Þórshöfn. Þá er bréfið að sjálfsögðu í boði á Skrifstofu stéttarfélaganna.



Rekstur Þorrasala til fyrirmyndar

Aðalfundur Húsfélagsins í Þorrasölum 1-3 fór fram í Kópavogi í lok mars. Framsýn og Þingið eiga orðið sex íbúðir í húsinu. Auk venjulegra aðalfundarstarfa urðu umræður um nokkur viðhaldsverkefni sem ráðast þarf í á næstu mánuðum. Fundarmenn voru mjög ánægðir með rekstur og starfsemi húsfélagsins. Stjórnin var endurkjörin en formaður Framsýnar, Aðalsteinn Árni, hefur verið stjórnarformaður húsfélagsins undanfarin ár. Var hann beðinn um að gegna starfinu áfram en hugur hans stóð til þess að skipt yrði um formann enda hann búinn að gegna stöðunni til margra ára. Svo fór að Aðalsteinn samþykkti að gegna formennskunni áfram. Með honum í stjórn eru Helga Rúna Péturs gjaldkeri og Sandra Björg Bendiksdóttir ritari.

Ótrúlegt en satt – Íslandsmet

Fimmtudaginn, 13. mars, hófu tólf flutningabílar ferð sína frá Selfossi til Húsavíkur með sex íbúða raðhús Bjargs íbúðafélags, um sólarhring síðar var húsið risið á Húsavík. Hvert hús samanstendur af tveimur einingum.

Nýju húsin eru að Lyngholti 42-52 á Húsavík. Ferðalagið tók um 16 klukkutíma og var bílalestin kominn á leiðarenda um hádegi, föstudaginn 14. mars. Aka þurfti um 800 km leið þar sem ekki var hægt að fara í gegnum nein jarðgöng eða minni og þrengri brýr. Þegar á leiðarenda var komið var strax hafist handa við að hífa húsin á grunninn sem beið tilbúinn á Húsavík. Fyrsta einingin var komin niður á grunn um klukkan 12:00 og sú síðasta klukkan 19:30 á föstudagskvöldinu.

Um er að ræða nýsköpunarverkefni þar sem íbúðirnar voru smíðaðar á Selfossi og fluttar nánast fullbúnar norður. Á sama tíma og húsin voru í smíðum á Selfossi sáu heimamenn á Húsavík um jarðvinnu og sökkla fyrir húsið. Þannig var hægt að vinna að tveimur verkþáttum á sama tíma sem styttri byggingartíma töluvert.

Ekki er ólíklegt að um Íslandsmet sé um að ræða en íbúðirnar voru afhentar nýjum leigutökum 8. apríl, það er innan við mánuði frá því að raðhúsið kom í einingum til Húsavíkur. Formaður Framsýnar, Aðalsteinn Árni Baldursson, í umboði Bjargs íbúðafélags kom að því að afhenda fyrstu íbúðirnar. Um er að ræða tímamót enda hefur Bjarg íbúðafélag ekki áður boðið upp á leiguíbúðir á Húsavík.



Björn Traustason framkvæmdastjóri Bjargs gerir gestum sem voru við vígluna grein fyrir starfsemi félagsins og framkvæmdunum á Húsavík, sem að hans sögn gengu afar vel. Talaði hann um að væntanlega væri um Íslandsmet að ræða þar sem aðeins þremur vikum eftir að hafin var vinna við að reisa raðhúsið væri fólk flutt inn í fyrstu íbúðirnar.



Unnur Lilja Erlingsdóttir tók við fyrstu lykklunum að nýrri og glæsilegri íbúð í Lyngholti á Húsavík.

STH í góðum gír

Aðalfundur Starfsmannafélags Húsavíkur fór fram 29. apríl. Auk venjulegra aðalfundastarfa var gengið frá kjöri í stjórn félagsins auk þess sem ýmsar tillögur voru samþykktar er varða starfsemi félagsins. Hermína Hreiðarsdóttir var endurkjörin sem formaður félagsins til næstu tveggja ára. Þá var Bergljót Friðbjarnardóttir kjörin ritari og Berglind Erlingsdóttir meðstjórnandi til næstu tveggja ára. Jafnframt var gengið frá kjöri á fulltrúum í nefndir og ráð á vegum félagsins fyrir komandi starfsár. Skýrsla stjórnar var mjög ítarleg í ár. Hægt er að fræðast frekar um starfsemina og helstu málefni aðalfundarinnar inn á heimasíðu stéttarfélaganna. Hér verða þó tiltekin nokkur atriði sem fram komu á fundinum:

- Fjöldi virkra félagsmanna STH sem greiddu í félagssjóð í janúar 2024 skv. félagatali í DK voru 73 en voru 72 á sama tíma í fyrra. Auk þess eru nokkrir gjaldfrjálsir félagsmenn.
- Félagsgjöld og iðgjöld ársins 2024 námu kr. 12.304.624,- en voru kr. 12.298.254,- árið á undan.
- Rekstrargjöld voru kr. 11.259.269,- og lækkuðu því milli ára úr kr. 16.624.114,-.
- Samkvæmt sameinuðum rekstrar- og efnahagsreikningi nam hreinn tekjuafgangur félagsins kr. 7.202.865,- samanborið við kr. 1.526.591,- tekjuafgang frá fyrra ári.
- Heildareignir í árslok voru kr. 89.893.208,- og eigið fé nam kr. 87.748.590,-. Hefur það aukist um 8,9% frá fyrra ári.
- Þátttaka félagsins í rekstrarkostnaði Skrifstofu stéttarfélaganna nam kr. 2.217.578,-.
- Á síðasta ári voru greiddir samtals kr. 1.180.497,- í námsstyrki til félagsmanna.
- Félagsmenn fengu greiddar kr. 102.000,- í heilsustyrki á starfsárinu. Fyrir utan þessa styrki fengu félagsmenn greitt úr Styrktarsjóði BSRB.
- Félagið kom að því að styrkja nokkur áhugaverð verkefni á síðasta starfsári s.s. Hnoðra tónlistarhátíð, Sólseturskórinn, Mærudaga, og Eurovision 2025/myndband frá Húsavík.
- Vilji er til þess innan félagsins að selja íbúð félagsins í Sólheimum og kaupa þess í stað íbúð í Þorrasölum.
- Þá ber þess að geta að félagið á mjög gott samstarf við önnur aðildarfélög Skrifstofu stéttarfélaganna varðandi byggða- og velferðarmál á félagssvæði stéttarfélaganna.



Vilja skoða sameiningu

Aðalfundur Þingiðnar var haldinn 29. apríl. Fundurinn fór vel fram og var málefnalegur. Umræður urðu um starfsemi félagsins, rekstur og hvort félagið ætti að stefna að sameiningu við önnur stéttarfélög í heimahéraði eða á landsvísi. Eftir umræður var ákveðið að skoða málið frekar án þess að fundurinn tæki beina ákvörðun. Hins vegar kom skýrt fram að fundarmönnum hugnast best að sameinast Framsýn enda félögin unnið einstaklega vel saman að málefnum félagsmanna. Eftirtaldir sitja í stjórn félagsins til næsta aðalfundar 2026. Jónas Kristjánsson formaður, Jónas Hallgrímsson varaformaður og aðrir stjórnarmenn Hólmgeir Rúnar Hreinsson, Þórður Aðalsteinsson og Hermann Sigurðsson. Að venju var skýrsla stjórnar mjög ítarleg. Hægt er að fræðast frekar um starfsemina og helstu málefni aðalfundarinnar inn á heimasíðu stéttarfélaganna.



Hér verða þó tiltekin nokkur atriði sem fram komu á fundinum:

- Innan Þingiðnar eru rúmlega 100 félagsmenn.
- Félagsgjöld og iðgjöld ársins 2024 námu kr. 18.311.634 en námu kr. 19.141.488 árið á undan, sem er lækkun um 4,3%.
- Rekstrargjöld voru kr. 33.857.501 árið 2024 en voru kr. 23.221.654 árið á undan og hækkuðu því um 45,8% á milli ára. Þetta þýðir að tap var af rekstri fyrir fjármagnsliði. Stærsti einstaki útgjaldaliður félagsins eru bætur og styrkir úr sjúkrasjóði til félagsmanna sem hækkuðu verulega milli ára.
- Samkvæmt sameinuðum rekstrar- og efnahagsreikningi nam hreinn tekjuafgangur félagsins kr. 819.126 en hann var kr. 14.649.678 árið áður.
- Heildareignir í árslok voru kr. 298.350.806 og eigið fé nam kr. 281.026.828, hefur það aukist um 0,3% frá fyrra ári.
- Rekstur Skrifstofu stéttarfélaganna gekk vel á síðasta ári. Þátttaka Þingiðnar í rekstrarkostnaði nam kr. 3.559.584.
- Á síðasta ári fengu 12 félagsmenn styrki úr fræðslusjóði félagsins til náms/námskeiða samtals kr. 269.365,-.
- Eins og fram kemur í ársreikningum félagsins voru greiðslur til félagsmanna úr sjúkrasjóði félagsins samtals kr. 15.308.038,- á árinu 2024. Árið 2023 voru greiddar kr. 7.754.665,- í styrki til félagsmanna. Greiðslur til félagsmanna hækkuðu því verulega milli ára eða um 97,4% sem er ákveðið áhyggjuefni.

- Félagið kom að því að styrkja nokkur góð verkefni s.s. Pílueld Völsungs, Hnoðra tónlistarhátíð, Sólseturskórinn og Mærudagshátíðina á Húsavík.
- Atvinnuástandið hjá iðnaðarmönnum er almennt mjög gott um þessar mundir og mikið að gera hjá flestum ef ekki öllum iðnaðarmönnum enda hafa töluverðar framkvæmdir verið í gangi á svæðinu.
- Heilt yfir er ástand vinnumarkaðarins á starfssvæðinu gott varðandi réttindi og kjör félagsmanna. Vitaskuld hafa annað slagði komið upp mál sem krefjast viðbragða, hjá því verður ekki komist.



Breytingar á greiðslum -Glasafrjóvgun-

Stjórn Sjúkrasjóðs Framsýnar hefur gert smávægilegar breytingar á styrkveitingum til félagsmanna sem fara í glasafrjóvgun, það er að gera hana skýrari. Eftir breytingar hljóðar hún svo:

„Heimilt er að greiða félagsmönnum sem fara í glasafrjóvgun styrk sem nemur að hámarki kr. 200.000,-. Sjóðnum skal heimilt að greiða fyrir tvær aðgerðir. Séu báðir umsækjendur í félaginu hefur það ekki áhrif á styrkuppþæðina til hækunar. Heildar endurgreiðsla skal aldrei vera hærri til einstaklinga/hjóna/sambýlisfólks en sem nemur kr. 200.000,- fyrir hverja aðgerð enda séu umsækjendur félagsmenn. Endurgreiðsla er að hámarki 50% af reikningi. Ef félagsmaður á rétt á greiðslum úr öðrum sjúkra/styrktarsjóðum stéttarféлага hefur það áhrif á styrkveitinguna til hækunar sem því nemur. Forsendan fyrir endurgreiðslu er að greitt hafi verið af félagsmanninum til sjúkrasjóðs í 12 mánuði. Í þeim tilfellum sem félagsmenn hafa ekki greitt fullt viðmiðunargjald/félagsgjald til Framsýnar eiga umsækjendur rétt á hlutfalslegum rétti.“

Breitingin varðar einnig félagsmenn Þingiðnar

Hátíðarhöldin til fyrirmyndar

Mikið fjölmenni var á hátíðarhöldunum 1. maí á Húsvík en um 300 gestir komu á samkomuna sem fór einstaklega vel fram. Hátíðarhöldin fóru fram á Fosshótel Húsvík. Boðið var upp á veglegar kaffiveitingar og frábær skemmtiatriði sem heimamenn sáu um að mestu. Auk heimamanna voru Páll Rósinkrans og Grétar Örvarsson á svæðinu. Ræðumaður dagsins var Ósk Helgadóttir varaformaður Framsýnar og Guðmunda Steina Jóséfsdóttir flutti ávarp en hún var um tíma formaður Framsýnar-ung. Hér má sjá nokkrar myndir frá samkomunni:



Starfsemi PCC í mikilli óvissu

PCC BakkiSilicon hf. á Húsavík hefur undanfarið m.a. fundað með þingmönnum, ráðherrum, Landsvirkjun, sveitarstjórnarmönnum og fulltrúum Framsýnar og Þingiðnar um stöðu fyrirtækisins og framtíðarhorfur. Fyrirtækið hefur nú tilkynnt um tímabundna rekstrarstöðvun, frá og með miðjum júlí. Ástæðan er sögð erfiðleikar á mörkuðum fyrir kísilmálm og raskanir sem rekja megi til tollastríðs. Um 80 manns munu missa vinnuna í sumar. Reiknað er með að um 40 starfsmenn haldi vinnunni. Fram kemur í tilkynningu frá félaginu:

„PCC BakkiSilicon hf. hefur kynnt áform sín um tímabundna rekstrarstöðvun hjá PCC á Bakka á Húsavík frá miðjum júlí 2025. Ákvörðunin er tekin vegna erfiðleika á mörkuðum fyrir kísilmálm og nýlegra raskana á alþjóðamörkuðum í kjölfar tollastríðs.“

Jafnframt kemur fram í tilkynningunni að PCC harmi þau áhrif sem stöðvunin hefur á starfsfólk og fjölskyldur þess í nærumhverfinu, og þar með samfélagið allt. Fyrirtækið sé í reglulegu samtali við lykilhagsmunaaðila varðandi stöðu og framtíð fyrirtækisins. Markmiðið sé að finna sameiginlega lausn til að endurræsa starfsemina um leið og markaðsaðstæður leyfa. Í samtölum við stjórnendur fyrirtækisins hefur einnig komið fram að ódýr innflutningur á niðurgreiddum kísilmálmi, sér í lagi frá Kína, með lakari sjálfbærni- og umhverfisstöðlum, hafi haft mikil áhrif á markaðsverð á Íslandi. Mikilvægt sé að íslensk stjórnvöld hraði skoðun á markaðsaðstæðum sem fyrirtæki eins og PCC Bakki glími við vegna þessa. Fyrirtækið hefur áður kært innflutning á kísilmálmi hingað til lands á undirverði til fjármála- og efnahagsráðuneytisins, sem er með málið til umfjöllunar. Þá hafi samtök kísilmálmframleiðenda í Evrópu óskað eftir verndartollum til að koma í veg fyrir að framleiðsla í Evrópusambandinu leggist af með öllu. Forsvarsmenn Framsýnar og PCC hafa átt með sér mjög gott samstarf um málefni verksmiðjunnar. Meðan á rekstrarstöðvun stendur verður unnið áfram að umbóta-verkefnum, rýni ferla, þjálfunarefni og endurskipulagningu rekstursins í heild. Er þetta gert til þess að vera í stakk búin

til að hefja starfsemi að nýju með skömmum fyrirvara um leið og aðstæður leyfa. Fyrirtækið er áfram staðráðið í að þróa verksmiðjuna til framtíðar enda er á Bakka rekin ein nútímalegasta og umhverfisvænasta kísilmálmframleiðsla heims. Stéttarfélagin Framsýn og Þingiðn, munu hér eftir sem hingað til, berjast fyrir áframhaldandi starfsemi PCC á Bakka enda um að ræða mikilvæga starfsemi á félagssvæðinu.



Spörkum þessu í gegn! Kári Marís Guðmundsson, forstjóri PCC var sérstakur gestur trúnaðarráðs Framsýnar sem stóð fyrir fundi um málefni fyrirtækisins. Að staðaldri hafa verið um 150 starfsmenn við störf hjá fyrirtækinu, flestir þeirra eru í Framsýn eða um 90% starfsmanna. Þá eru iðnaðarmennirnir í Þingiðn. Góðar umræður urðu um málið og voru fundarmenn sammála um að gera allt sem félagið gæti til að tryggja áframhaldandi rekstur PCC eða eins og einn fundarmanna orðaði það, „Vonandi gengur það upp að sparka þessu í gegn enda miklir hagsmunir í húfi!“

Kynning í boði Framsýnar

Um miðjan apríl stóð Framsýn fyrir kynningu í Stórutjarnaskóla fyrir nemendur í elstu bekkjum skólans. Kynningin gekk afar vel enda nemendur áhugasamir um sín mál. Varaformaður Framsýnar sem starfar í skólanum var á kantinum og aðstoðaði við kynninguna.





**FYRSTA
HLAUPIÐ**



REYKJAVÍKUR
MARAFON
ÍSLANDBANKA

**SÍÐAN MÉR
BATNAÐI**



HLAUPASTYRKUR.IS